



Inga Sæland,  
alþingismaður.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

### Efni: Meint brot þingmanns á siðareglum fyrir alþingismenn.

Vísað er til erindis þíns til forsætisnefndar Alþingis, dags. 18. mars 2023, þar sem rakin eru tilgreind ummæli Þórunnar Sveinbjarnardóttur, alþingismanns, á 81. þingfund 15. mars sl. „er hún gerði grein fyrir atkvæði sínu við breytingartillögu [þína] á frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd).“ Í erindi þínu er lýst þeirri afstöðu að ummælin hafi brotið gegn c- og d-lið 5. gr. og 8. gr. siðareglна fyrir alþingismenn og málið sé lagt fyrir forsætisnefnd til þess að óska eftir meðferð þess fyrir ráðgefandi siðanefnd Alþingis. Erindi þitt var tekið fyrir á fundum forsætisnefndar 20. og 27. mars og 17. apríl 2023, sbr. 1. mgr. 17. gr. siðareglна fyrir alþingismenn.

Þegar horft er til gildissviðs siðareglна fyrir alþingismenn verður að hafa í huga að skv. 3. gr. koma þær til fyllingar þeim skyldum sem alþingismenn hafa samkvæmt stjórnarskrá, þingsköpum og úrskurðum forseta Alþingis um góða reglu, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Skiptir þetta máli þegar tekin er afstaða til þess hvort unnt sé að fjalla um erindi þitt á grundvelli siðareglнanna, sbr. 16. – 19. gr. þeirra. Hér ber að líta til þess að um er að ræða tjáningu þingmanns sem lýtur fundarstjórn forseta Alþingis, sbr. 1. mgr. 8. gr. þingskapa Alþingis. Án þess að leggja mat á ummælin er ljóst af framkvæmd að forsetar hafa í afskiptum sínum af tjáningu þingmanna, sem settar eru vissar skorður skv. 73. og 98. gr. þingskapalaga, játað þeim umtalsvert svigrúm. Er þá horft til þess að Alþingi er einstakur vettvangur fyrir umræður í lýðræðislegu þjóðfélagi, sem hefur grundvallarþýðingu. Endurspeglast slíkt í ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi Alþingis og hefur það lögmæta markmið að tryggja frjálsar umræður í þinginu. Alþingismaður verður til að mynda ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi, sbr. 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinna. Slík regla er sett í þágu starfa Alþingis sem heildar, en ekki í þágu einstakra þingmanna. Þó getur skipt máli hvaða aðferðum þingmaður beitir til þess að koma tjáningu sinni á framfæri, t.d. orðfæri eða ótilhlýðileg framkoma. Hvernig brugðist er við slíku er á forræði forseta Alþingis, í

F O R S E T I   A L Þ I N G I S

ótilhlýðileg framkoma. Hvernig brugðist er við slíku er á forræði forseta Alþingis, í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og þingskapa. Í framkvæmd hefur enn fremur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þátttöku í opinni og frjálsri stjórnmálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi.<sup>1</sup> Í því máli sem hér um ræðir er um að ræða viðbrögð þingmannsins við breytingartillögu við frumvarp dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016.

Telji þingmaður eða almennur borgari að forseti hafi ekki gætt þess að þingmaður virði góða reglu í máli sem hann varðar, verður að hafa í huga að athafnir eða athafnaleysi forseta við stjórn þingfunda sæta ekki endurskoðun. Ágreiningur um slíkt verður því ekki borinn undir forsætisnefnd eða eftir atvikum leitað álits síðanefndar á honum. Í ljósi þess er það niðurstaða forsætisnefndar að skilyrði bresti til þess að nefndin taki erindi þitt til athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Er þá einnig horft til þeirrar ríku verndar sem tjáningarfrelsi þingmanna nýtur samkvæmt stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn, er erindi þínu vísað frá.



Ljósrit:

Þórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður.

---

<sup>1</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur* 2021, bls. 314-321.